



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu  
Hamraborg 9  
200 Kópavogi

Reykjavík, 20. júní 2017

### **Efni: Umsögn Stúdentaráðs Háskóla Íslands um skipulag Borgarlínu**

Stúdentaráð Háskóla Íslands lýsir yfir ánægju með að í fyrirhuguðu skipulagi Borgarlínu verði biðstöð við háskólasvæðið. Mikilvægt er að efla samgöngur að háskólasvæðinu og auðvelda stúdentum að ferðast með umhverfissvænum og ódýrum hætti. Stúdentar við Háskóla Íslands eru flestir búsettir vítt og breitt um höfuðborgarsvæðið og aðliggjandi sveitarfélög en þeir eru í dag um 13 þúsund talsins. Bæting í ferðatíma og tíðari ferðir munu hafa jákvæðar afleiðingar í för með sér fyrir þennan hóp stúdenta.

*Fyrir hönd Stúdentaráðs Háskóla Íslands,  
Ragna Sigurðardóttir, formaður*